

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 119/2015

2016/EES/42/46

frá 30. apríl 2015

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/893/ESB frá 9. desember 2014 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir snyrtivörur sem á að skola burt eftir notkun ⁽¹⁾.
- 2) Samkvæmt ákvæðum ákvörðunar 2014/893/ESB fellur úr gildi ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/506/EB ⁽²⁾, en sú gerð hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella hana úr EES-samningnum.
- 3) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Texti liðar 2y (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/506/EB) í XX. viðauka við EES-samninginn hljóði svo:

„**32014 D 0893:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/893/ESB frá 9. desember 2014 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir snyrtivörur sem á að skola burt eftir notkun (Stjtið. ESB L 354, 11.12.2014, bls. 47).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti fákvörðunar 2014/893/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. maí 2015, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist ^(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. apríl 2015.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 354, 11.12.2014, bls. 47.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 186, 18.7.2007, bls. 36.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.